

## Nefndarálit

um frv. til l. um Landbúnaðarstofnun.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að sameina ýmsar stofnanir, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina stjórnsýslustofnun, Landbúnaðarstofnun. Þau rök eru færð fyrir þessari stofnun að „með þeim hætti nýtist þverfagleg sérþekking betur en hingað til og grundvöllur lagður að bættri, skilvirkari stjórnsýslu og einfaldara og samhæfðara eftirliti“.

Hægt er í nokkru að taka undir þær áherslur sem frumvarpið felur í sér og þó sérstaklega það að þau verkefni sem hér um ræðir verði áfram á opinberri ábyrgð en ekki einkavædd eða framseld á markaði.

Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði heimili stofnunarinnar. Ljóst er af umsögnum frá sveitarstjórnnum og búnaðarsamböndum á landsbyggðinni að mikill áhugi er á að hin nýja stofnun verði utan núverandi þenslusvæða á Suður- og Suðvesturlandi. Er eindregið tekið undir þau sjónarmið. Hér er um tugi starfsmanna að ræða og þó að störfin séu dreifð vítt og breitt um landið og verði svo að einhverju leyti áfram er ljóst að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar munu þykja hvalreki á þeim stöðum á landinu þar sem henni yrði valinn staður. Því er eðlilegt að Alþingi velji henni stað en ekki ráðherra.

Það skal hér gagnrýnt hversu seint frumvarpið er komið fram og hefur því gefist takmarkað tóm til að vinna það sem skyldi í landbúnaðarnefnd.

Mörg af þeim embættum og verkefnum sem frumvarpið tekur til hafa gegnt mikilvægum sértækum hlutverkum í alþjóðlegu samstarfi, eftirliti og vottorðagjöf. Óvænt breytt skipan mála getur skapað óvissu, ekki síst í alþjóðlegum samskiptum, og þannig skaðað beint og óbeint dýrmæta gagnkvæma viðskiptahagsmuni. Má þar nefna yfirdýralæknisembættið, veiðimálastjóra, aðfangaeftirlitið og plöntueftirlitið svo að nokkuð sé nefnt. Er þetta rækilega undirstrikað í umsögnum þessara aðila.

Það er hins vegar dregið mjög í efa að sameining þessara embætta og verkefna undir eina nýja stofnun leiði til sparnaðar eða aukinnar skilvirkni. Almenn reynsla á slíkum tilfæringum hefur verið þveröfug. Með þessum breytingum er teygt á stjórnsýslunni og vegalengdin frá þeim sem vinnur verkin og ber faglega ábyrgð á þeim eykst til æðsta stigs stjórnsýslunnar, ráðherrans. Slíkt leiðir almennt ekki til aukinnar skilvirkni. Flest þau embætti sem nú er verið að leggja inn í Landbúnaðarstofnun heyra beint undir ráðherra, en boðleiðin lengist nú um einn millilið sem hlýtur að auka kostnað og skrifinnsku.

Enda kemur berlega í ljós í umsögn fjármálaráðuneytisins að ekkert raunverulegt mat hefur verið lagt á stofn- eða rekstrarkostnað hinnar nýju stofnunar. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar í landbúnaðarnefnd hafa ekki fengist nein viðhlítandi svör um áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað hinnar nýju stofnunar. Eru þessi vinnubrögð harðlega gagnrýnd.

Í umsögn Bændasamtakanna eru rakin þau stjórnsýslulegu verkefni sem þau annast fyrir ríkisvaldið. Þó velta megi því fyrir sér hvort rétt sé að hagsmunasamtök annist svo viðamikil

stjórnsýsluverkefni sem raun ber vitni er afar ólíklegt að kostnaður hins opinbera minnki við að færa þau undir hina nýju ríkisstofnun. Hjá Bændasamtökunum liggur gríðarmikil fagþekking og staðkunnugleiki á þessum sviðum og áratuga trúnaður gagnvart atvinnuveginum sem mun taka hina nýju stofnun langan tíma að vinna upp með sama hætti.

Samband sveitarfélaga bendir á að verið er að leggja aukna ábyrgð, kostnað og vinnu á búfjárefntirlitsmenn, sbr. lög nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. Kostnaður við búfjárefntirlitsmenn greiðist af sveitarfélögunum.

Að óbreyttu „er um að ræða breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem á sér stað án viðræðna þeirra á milli og án þess að sveitarfélögin fái tekjur til að sinna nýjum lögskyldum. Slík vinnubrögð eru óásættanleg“ segir í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nánast allar umsagnir sem bárust bentu á hversu frumvarpið væri illa unnið og markmiðin óskýr. Vandséð er raunveruleg hagræðing, sparnaður eða aukin skilvirkni við þessa breytingu. Minni hlutinn telur því að vinna þurfi þetta mál miklu betur áður en Alþingi getur samþykkt lög in um þessa nýju ríkisstofnun. Er því lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi 6. maí 2005.

Jón Bjarnason.

**Fylgiskjal I.****Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.**

(25. apríl 2005.)

Með bréfi, dags. 13. apríl sl., óskaði landbúnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvörp til laga um Landbúnaðarstofnun (700. mál 131. löggjafarþings) og breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar (701. mál).

Sambandið telur ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um meginefni nefndra lagafrumvarpa. Fyrirkomulag þessara mála hefur ekki bein áhrif á almenna hagsmuni sveitarfélaganna í landinu.

Hins vegar mótmælir sambandið þeirri breytingu sem lögð er til í 27. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar. Kemur þar fram að stórlega eigi að auka við eftirlitshlutverk búfjárefnismanna, sem eru samkvæmt lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., starfsmenn sveitarfélaga. Breytingarnar felast í því að búfjárefnismenn eigi ekki aðeins að hafa eftirlit með aðbúnaði búfjár og fódrun og sannreyna fjölda búfjár, heldur eigi þeir einnig að hafa eftirlit með því að merkingar á búfé séu í samræmi við reglur þar um. Þetta hlutverk er nú í höndum yfirdýralæknis, sbr. reglugerð nr. 463/2003. Engar skýringar á þessari tillögu er að finna í athugasemdum með frumvarpinu og engar umræður hafa af hálfu landbúnaðarráðuneytisins átt sér stað við sveitarfélögin um þessa breytingu. Ekki verður því séð hvaða röksemdir búa hér að baki. Hafa ber í huga að hér er um augljósan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin að ræða þar sem fram kemur í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. að kostnaður við búfjárefnirit greiðist af sveitarfélögum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er um að ræða breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem á sér stað án viðræðna þeirra á milli og án þess að sveitarfélögin fái tekjur til að sinna nýjum lögskyldum. Slík vinnubrögð eru óásættanleg. *Sambandið leggur til að felld verði brott 27. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.*

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal II.

**Umsögn frá Bandalagi háskólamanna.**  
(28. apríl 2005.)

**I**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 18. apríl 2005, varðandi umsögn um 700. og 701. mál, frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar. Beðist er velvirðingar á því að ekki tókst að veita umsögn á þeim vikulanga fresti sem veittur var. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

Telja verður að ónógt og síðbúið samráð hafi verið haft við hlutaðeigandi hagsmunaaðila við undirbúning þingmáls þessa á Stjórnarráðsstigi.

**II**

BHM telur mikilvægast að tryggja í væntanlegum lögum að öll réttindi starfsmanna – svo sem til lífeyris – séu tryggð, bæði vegna stofnunar Landbúnaðarstofnunar og við breytingu á vinnuréttarformi héraðsdýralækna. Nauðsynlegt er sem endranær að skapa sátt um slíkan samruna og kerfisbreytingar.


Þá er nauðsynlegt að enginn vafi leiki á að launakjör héraðsdýralækna skerðist síst þegar samningsréttur kemur í stað ákvörðunarvalds kjaranefndar. Í því sambandi minnir BHM á þá stefnu sína að samtökin eigi aðild að kjaranefnd og Kjaradómi.

Loks telur BHM mikilvægt að fagleg stjórnun og faglegt sjálfstæði og inntak sérgreina sé jafn vel tryggt í væntanlegu stjórnskipulagi umræddra málaflokka og nú er. Að mati undirritaðs þarf að skýra orðalag 3. gr. frumvarps til laga um Landbúnaðarstofnun um „æðri prófgráðu“.

**III**

Undirritaður framkvæmdarstjóri og lögmaður BHM hefur setið félagsfund á vegum Dýralæknafélags Íslands, sem á aðild að BHM, og er því bæði undirbúinn og reiðubúinn til frekari álitsgjafar við landbúnaðarnefnd, óski hún eftir því.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.

**Fylgiskjal III.****Umsögn frá Bændasamtökum Íslands.**  
(18. apríl 2005.)

**Efni: Frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun, 700. mál og breytingar á ýmsum lögum, við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 701. mál**

*Tilv: 2005040009*

Vísað er í erindi landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 12. apríl sl. varðandi ofangreint frumvarp.

Búnaðarþing og stjórn Bændasamtaka Íslands fengu frumvarpið til umfjöllunar frá landbúnaðarráðuneytinu, áður en það var lagt fram, og skiluðu ráðherra meðfylgjandi umsögn, sem hér með vísast til, enda hefur frumvarpið lítt eða ekki breyst síðan hún var skrifuð.

Það skal áréttað hér, að ekki er talið rétt að skilgreina hæfniskröfur forstjóra eins og gert er í frumvarpinu. Stofnunin starfar á fleiri sviðum, og enda þótt hlutur yfirdýralækis verði augljóslega langstærstur, er ekki æskilegt að binda í lög, að forstjórinn skuli vera dýralæknir. Það varðar hins vegar miklu, og ætti að festa í lögnum, að hver skrifstofustjóri sé faglega ábyrgur fyrir sínum málaflokki.


Í ákvæði til bráðabirgða (I) er kveðið á um að starfsfólki stofnana, sem lagðar verða niður, skuli boðin störf við hina nýju stofnun. Það leiðir hugann að því, hvort ekki sé eðlilegt, ef umfangsmikil verkefni verða flutt frá Bændasamtökunum til Landbúnaðarstofnunar, að fólki, sem sinnir þeim störfum nú, verði boðin störf við stofnunina.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið segir m.a.:

“Fjármálaráðuneytið miðar við að fjárheimildir verkefna fylgi frá þeim stofnunum sem verða lagðar niður og frá aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtökunum til hinnar nýju stofnunar”.

Hvað þetta varðar, skal vakin athygli á því, sem fram kemur í meðfylgjandi bréfi til landbúnaðarráðherra. Á því getur enginn vafi leikið, að verði verkefni, sem frumvarpið fjallar um, flutt í heild frá BÍ til Landbúnaðarstofnunar, verður kostnaður við þau miklu meiri en Bændasamtökin hafa fengið greitt fyrir þessi verkefni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



---

Sigurgeir Þorgeirsson

## Fylgiskjal IV.

### **Bréf til landbúnaðarráðherra frá Bændasamtökum Íslands.** (21. mars 2005.)

**Efni: Drög að frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun (mál 45)**

*Tilv: 2004110005*

Ofangreind frumvarpsdrög voru lögð fyrir búnaðarþing 2005, sem ályktaði eftirfarandi:

“Búnaðarþing 2005 hefur skoðað lauslega drög að frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun og sér margt jákvætt í þeim. Þingið leggur þó áherslu á að ekki hljóttist af þessu kostnaðarauki fyrir bændastéttina. Að öðru leyti felur búnaðarþing stjórn Bændasamtaka Íslands að gefa umsögn um frumvarpsdrögin þar sem ekki hefur unnist tími til að kynna sér málið til hlítar á þinginu.”.

Stjórn Bændasamtaka Íslands fjallaði um frumvarpsdrögin á síðasta fundi sínum, en síðan þá hafa nokkrar breytingar orðið á þeim. Er þar fyrst til að taka að forstjóri Landbúnaðarstofnunar skal vera “menntaður dýralæknir með æðri prófgráðu á því sviði”, og þýðir þetta í raun að forstjóri stofnunarinnar verði jafnframt yfirdýralæknir. Fyrir þessari breytingu má færa viss rök, en hún orkar jafnframt tvímælis. Eftirfarandi hugmynd er til íhugunar fyrir ráðuneytið. Skilgreindar séu almennar menntunar og hæfniskröfur forstöðumanns, þar sem eðlilegt er að gera kröfur um menntun í landbúnaðartengdum fögum auk framhaldsmenntunar og stjórnunarreynslu. Lögin heimili, að forstöðumaður sé jafnframt yfir einni af skrifstofunum, og loks er mikilvægt að hver skrifstofa sé faglega ábyrg fyrir sínum málefnum.

Stjórn BÍ fjallaði fyrst og fremst um verkefni þau sem Bændasamtökin sinna, og mælt er fyrir um að eigi að flytjast til hinnar nýju stofnunar. Því er hér ekki fjallað frekar um þá efnislegu breytingu sem felst í sameiningu þeirra stofnana og eftir atvikum annarra verkefna og embætta sem frumvarpið stefnir að.

Það er rétt, sem fram kemur í athugasemd við 29. grein bandormsfrumvarpsins um breytingu á lögum vegna stofnunar Landbúnaðarstofnunar, að sum stjórnsluverkefni, sem BÍ sinna, geta skapað hagsmunaárekstra og valdið samtökunum óþægindum, þótt allt hafi þetta gengið hnökralítið til þessa. Að því leyti kann það að vera kostur fyrir samtökin sem slík, að þessi verkefni séu ekki á þeirra höndum.

Vegna beingreiðslna í mjólk: 4.016 þús. kr.  
 Vegna beingreiðslna sauðfjár: 2.073 “ “  
 Vegna garðyrkjusamnings: 2.121 “ “

Meðfylgjandi er listi yfir þau verkefni sem Bændasamtökin sinna nú samkvæmt búvörulögum og búvörusamningum. Verkefni, sem flokkast undir 29. grein í bandormsfrumvarpinu eru auðkennd með \*, en tekið skal fram, að vegna þess hve verkefni fléttast saman, er aðgreiningin ekki alltaf skýr (sjá einnig athugasemd í lið 1. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) og Landssamtök sláturleyfishafa (LS) annast sum þessi verkefni í umboði BÍ (skv. heimild í lögum og með staðfestingu ráðherra) og fá greitt fyrir, og nam sú upphæð alls 4,6 millj. kr. á síðasta ári.

Samkvæmt lauslegri áætlun nam kostnaður BÍ vegna þeirra verkefna sem tilgreind eru á meðfylgjandi fylgiskjali um 25 millj. kr. á síðasta ári, og eru þá verkefni sem falla undir 42. gr. og 44. gr. ekki meðtalin. Meðtalin er þá þátttaka í sameiginlegum kostnaði, en ekki talinn neinn stofnkostnaður. Það er hins vegar mikilvægt, að einungis minni/lítill hluti þessa kostnaðar fellur niður, þótt verkefni verði flutt, vegna þess hve samtvinnuð sum þeirra eru öðrum verkefnum hjá BÍ.


Að öllu þessu virtu þykir stjórn BÍ nokkuð ljóst, að kostnaður við þessi verkefni muni stórukast, ef þau verða flutt í heilu lagi, þ.e. með skýrslusöfnun, gagnagrunnum o.s.frv. Verði það samt sem áður niðurstaðan, er það skýlaus krafa, að sú kostnaðaraukning bitni ekki á bændum eða samtökum þeirra.

Aths. við f. lið 2. gr. Þótt búfjárefirlit og skýrslusöfnun því tengd flytjist til Landbúnaðarstofnunar myndu Bændasamtök Íslands áfram votta hvort sauðfjárskýrslum hefur verið skilað sbr. 42 gr. laga nr 99/1993.

Að svo stöddu er ekki gott að meta hve mörg störf hjá Bændasamtökum Íslands myndu leggjast niður við áformaðar breytingar. Það veltur meðal annars á því hvort samtökin gegna áfram hlutverki við skýrslusöfnun o.fl. Samtökin setja fyrirvara um kostnað sem kann að hljóttast vegna niðurlagningar starfa.

Ekki er hjá því komist að nefna að mál þetta bar hratt að, og hafði búnaðarþing lítinn tíma til að fjalla um það. Verði frumvarpið að lögum munu fylgja því margvíslegar breytingar á innra starfi Bændasamtaka Íslands, þar sem þau verkefni sem tilgreint er í lögnum að flytjast eigi til Landbúnaðarstofnunar tengjast fleiri verkefnum. Því verður að hafa þann fyrirvara á, að of stuttur tími hefur gefist til að fara yfir og greina málið til hlítar. Bændasamtökin eru reiðubúin til frekari viðræðna um framhaldið.

Virðingarfyllst,  
 I.B. Bændasamtaka Íslands

  
 Sigurður Þorgeirsson